



MIDVIKUDAGUR 14. ÁGÚST 2019

Heimili



Sólveig og Emília voru í vandræðum með að finna hús sem hentaði fjölskyldum þeirra svo þær tóku til sinna ráða. MYND/KLARA LIND GYLFAÐÓTTIR

Það verður geggjað að búa hlið við hlið

Vinkonurnar Emília Christina Gylfadóttir og Sólveig Ragnheiður Gunnarsdóttir eru að byggja raðhús saman með mönnunum sínum Róberti Elvari Kristjánssyni og Karli Stephen Stock. Þær halda úti bloggsíðunni emmasol.com og Instagram-reikningnum emmasol.is þar sem hægt er að fylgjast með framkvæmdunum.

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



geta farið til baka seinna og horft á ferlið en líka að aðrir geti lært af okkur, bæði mistökum og sigrum," segir Emília.

Sólveig tekur undir og segir að þær séu heldur ekkert að skafa af því ef þau gera mistök. Á blogginu ríkir hreinskilni um allt ferlið.

Aðdragandi þess að tvö pör sem hafa verið vinir í bráðum 12 ár fóru að byggja hús saman var að

þau voru í húsnæðisleit sem gekk ekki vel.

„Við Kalli, maðurinn minn, vorum lengi búin að leita að húsnæði í Vesturbænum og sömu-leiðis Emília og Robbi. Þau voru að leita úti á Kársnesi. En við erum með þrjú og fjögur börn svo við vorum ekki að leita að litlu húsnæði og það var ekki auðvelt að finna húsnæði á þessum svæðum

með herbergjum fyrir öll börnin," segir Sólveig en bætir við að þau hafi aldrei planað að kaupa lóð saman.

„Nei, alls ekki," segir Emília. „Ég og Robbi, maðurinn minn, vorum búin að liggja á fasteignasiðunum þegar hann rak augun í þetta hús niðri á Kársnesi. Ég hringdi svo

Framhald á síðu 2 →

EINSTAKT
KOLLAGEN
RAKAKREM

GEFUR GÓÐA
NÆRINGU OG
MIKINN RAKA



Fæst í apótekum, Heilsuver,
www.lyfja.is og www.heilsanheim.is

Við vorum svolítið að grínast með að það þyrfti að vera til handbók um hvernig ætti að fara að því að byggja hús. Það var svolítið þælingin með blogginu, að

Framhald af forsiðu →

í Sólveigu bara til að fá ráðleggingar, ég var svona að velta möguleikum fyrir mér því þetta var ónýtt gamalt hús. Mér datt til dæmis í hug að það væri sniðugt að byggja parhús á lóðinni því hún er frekar stór.“

Áttu allt í einu hús saman

„Ég var alveg bara ha? Með hverjum ætlar þú að byggja parhús? Svo segi ég manningum mínum frá þessu um kvöldið. Við vorum búin að bjóða í einhver fimm hús en ekki fengið þau og vorum orðin frekar þirruð. Við förum þess vegna að velja þessari lóð fyrir okkur og ákváðum svo að spyrja Robba og Emíliu hvort við mætum ekki bara bjóða í húsíð með þeim,“ segir Sólveig.

Þetta endaði svo með því eftir miklar vangaveltur og þælingar og ráðleggingar frá byggingarfulltrúa að pörin tvö buðu í húsíð og tilboðið var samþykkt.

„Allt í einu áttum við hús og lóð saman og urðum að fara að gera eitthvað í því,“ segir Emíliá.

Eftir að hafa leitað til nokkurra arkitekta fengu þau Trípolí arkitekta til að teikna húsíð.

„Þeir eru ungir og flottir og með svipadan stíl og við,“ segir Sólveig. Hún segir að margir hafi spurt af hverju þau hafi ekki bara notað tæknifræðinga því þeir eru ódýrari en þau hafi frekar viljað vinna með arkitektum.

„Það er mikið sem þeir spá í sem aðrir gera ekki. Eins og birtuskilyrði til dæmis. Svo eru mjög skemmtilegar stigapælingar inni í húsínu. Það er svo margt sem gerir húsíð okkar sérstakt og að okkar



Þrívíddarteikning af húsínu að innan. MYND/TRÍPÓLÍ ARKITEKTAR

mati mjög fallett,“ segir Sólveig. Vinkonurnar segjast hafa rekist á marga veggi við framkvæmdirnar. Til dæmis hafi tekið tíma að fá öll leyfi og fara í grenndarkynningu og fá húsíð samþykkt af nágrönnum og Kópavogsbæ og leyfi til að rífa gamla húsíð.

„Svæðið er ódeiliskipulagt og náði grenndarkynningin þess vegna yfir mjög stórt svæði. Það voru mjög margir íbúar sem máttu skila inn athugasemdum,“ segir Sólveig.

Gekk milli nágrannanna

Til að flýta fyrir ferlinu gekk Emíliá í öll hús sem voru í grenndarkynningunni. „Þannig að ég þekki nágrannana núna mjög vel,“ segir hún hlæjandi. „Sem betur fer voru flestir jákvæðir að fá nýtt hús því húsíð sem var þarna fyrir hafði staðið þarna lengi óhirt. Þetta var ekki gamalt fallett hús sem Minjastofnun hefði viljað



Fjölskyldurnar saman á lóðinni þar sem húsíð mun rísa.

„Sem betur fer voru flestir jákvæðir að fá nýtt hús því húsíð sem var þarna fyrir hafði staðið þarna lengi óhirt.“

Emilía Christina Gylfadóttir

varðveita. Það var byggt á krepputímum úr afgangsviði og afgangsbárujárn og orðið mjög myglað.“

„Meira að segja eigandinn var ánægð að vita að við ætluðum að byggja nýtt hús þarna,“ skýtur Sólveig inn.

Eins og staðan er í dag, einu og hálfu ári eftir að fjölskyldurnar festu kaup á lóðinni, eru sókklarnir komnir og planið er að klára plötuna í vikunni. „Okkur skilst að þá séum við búin með hellinginn af verkefninu. Upprunalega átti húsíð að vera tilbúið fyrir júl. Það er ekki að fara að gerast en við vonum að við getum flutt inn fyrir páskana,“ segir Sólveig.

Vinkonurnar segja að ótrúlegt en satt þá hafi verkefnið ekki reynt mjög mikið á venskapinn. „Það er bara gaman að gera þetta með vinum sínum. Við erum mjög ólík og skiptum með okkur verkum eftir styrkleikum okkar. Við vonumst til að geta unnið mikið í húsínu sjálf þegar það er uppstept,“ segir Sólveig.

„Við gerðum vinasáttmála í upphafi. Þar ákváðum við að vera dugleg að rækta venskapinn og hittast reglulega og tala um eitthvað annað en húsíð, en það getur verið erfitt að tala ekki um það,“ segir Emíliá og þær hlæja báðar.

„Þetta hefur gengið ótrúlega vel. Vinskapurinn er orðinn betri ef eitthvað er og það verður bara geggjað að búa hlið við hlið,“ segir Emíliá.



Hér er niðurrífið komið vel af stað.



Verktakar að störfum við húsbygginguna.



Tölvuteikning af endanlegu útliti hússins. MYND/TRÍPÓLÍ ARKITEKTAR

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Benedikt Bóas Hinriksson, benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | Ásta Eir Árnadóttir, astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Sólrún Freyja Sen, solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@Torg ehf Kristin Þorsteinsdóttir@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

FRÁ LAXDAL SKIPHOLTI,
**RÝMUM FYRIR
NÝJUM VÖRUM**
VANDAÐAR DÚNÚLPUR OG ULLARKÁPUR
Á SÉRSTÖKU AFSLÁTTARVERÐI,
30%-50% AFSLÁTTUR
Í NOKKRA DAGA,
NÝTTU TÆKIFÆRIÐ, LAXDAL SKIPHOLTI.

f Skoðið Laxdal.is

**BERNHARD
LAXDAL**
SÍGILD KÁPUBÚÐ

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Bílar & Farartæki



Suzuki mótórhjól. Komdu og kattu við í sýningarsal Suzuki. Ymislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is



VOLVO Xc90 t8 twin engine inscription. Árgætt 2016, ekinn 55 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 8 girar. Verð 8.390.000. Rnr.116955.



LAND ROVER Range rover velar hse. Árgætt 2017, ekinn 30 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 girar. Verð 11.890.000. Rnr.116954.



MERCEDES-BENZ Glc 350 e 4matic plug in. Árgætt 2017, ekinn 41 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 7.490.000. Rnr.116920.



NISSAN Navara 4wd double cab at 35". Árgætt 2007, ekinn 140 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.490.000. Rnr.116965.



VW Golf comfortline. Árgætt 2014, ekinn 64 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 girar. Verð 1.990.000. Rnr.213674.

Nýja bilahöllin
Eirhófa 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

Bílar óskast

Óska eftir að kaupa 100 þús. kr. bíl. Mía vera ryðgaður og illa á sig kominn. Verður að vera í toppstandi og skoðaður. Staðgreiðist! Uppl. s: 480-2109

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Fjór hjól



CFORCE 520
Bein innspýting, rafmagnstýri, spil, dráttarkrókur, hátt og lágt drif m/ læsingu, tveggja manna.

Lækkað verð!
Kr. 1.289.900,-



Nitro - Urðarvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Pípulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

Hreingerningar

Hreinsun á:

- sófasettum • stólum
- dýnum • rúmum
- allar gerðir af mottum
- mygluþrifum
- ozonhreinsunum
- lygtareyðingum



Við erum á facebook
Eldshöfði 8, 110 Rvk. S: 577-5000

VY-ÞRIF EHF.

Öll almennt þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Spádómar

SPÁSÍMINN 9086116.
Ástir, Fjármál, Heilsa. Opíð alla daga.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is


Húsviðhald



Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Keypt & Selt

Til sölu



Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSBÝGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnaskæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Heilsa

Nudd

NUDD
Nuddstofan, opíð frá 9-20. Einnig um helgar S. 832 8863



Heimilið

Barnavörur



VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



AÐALFUNDUR Markaðsstofu Kópavogs 2019

Aðalfundur Markaðsstofu Kópavogs verður haldinn miðvikudaginn 28. ágúst kl. 12:00 í Molanum, Hábraut 2, 200 Kópavogi.

Dagskrá

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar félagsins 2018
4. Ákvörðun árgjalds
5. Kosning fulltrúa fyrirtækja í stjórn
6. Kosning skoðunarmanns reikninga og eins til vara
7. Önnur mál

Samkvæmt 7. gr. samþykktar Markaðsstofu Kópavogs eiga þeir sem greitt hafa árgjald félagsins kjörgengi og kosningarétt á aðalfundinum.

Allir aðildarfélagar að Markaðsstofu Kópavogs eru boðnir hjartanlega velkomnir.

Þeir sem vilja gerast aðilar fyrir aðalfund félagsins geta haft samband með tölvupósti á **markadsstofa@kopavogur.is** eða í síma 864 8830.

Stjórn Markaðsstofu Kópavogs.

Þarftu að ráða?

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



Síðumúli 13 - 108 Reykjavík - S. 577 5500 - **ibudaeignir.is**

Halldór Már Sverrisson

Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumíðlari
898 5599



halldor@ibudaeignir.is

KIRKJUSANDUR 1 - 93,6 FM ÍBÚÐ Á 2. HÆÐ



Til sölu glæsileg 3ja herbergja 93,6 fm íbúð á 2. hæð við Kirkjusand 1 í 105 Reykjavík með fallegu útsýni yfir sjóinn.

Komið er inn í lokað sameiginlegt fremra anddyri. Forstofa með góðum skápum úr maghonyvið. Gengið inn í bjart og fallegt alrými sem saman stendur af eldhúsi, borðstofu og stofu. Eldhúsið er opíð og bjart með vandaðri maghonyinnréttingu, ljósum flísum og borðplötu, ofn í vinnuhæð, flísar á milli efri og neðri skápa. Fallegt útsýni er frá eldhúsi með opnalegum rennanlegum gluggum. Hjóna-herbergi og auka svefnherbergi með skápum. Baðherbergi er vandað með sturtuklefa með nuddi. Þvottahús er innan íbúðar. Sérgeymsla og sameiginleg hjólageymsla, sameiginleg líkamsræktarstöð. Stæði í bilageymslu. Með eigninni fylgir hluti í séreign sem er í eigu húsfélagsins sem er húsvaðaríbúð, svo og rými sem er leigt út fyrir snyrtistofu og fara leigutekjur upp í hússjóð. Mjög stór lóð er í kringum húsnæðið, þar er m.a. puttúvöllur. Húsvörður er í húsinu. Falleg og vönduð eign á góðum stað í Reykjavík. **Verð 57,9 millj.**


Allar nánari upplýsingar veita á og utan opnunartíma:
Halldór Már, löggiltur fasteignasali í síma 898-5599 eða halldor@ibudaeignir.is



FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

Miðdalsvegur

Opíð hús, fimmtud. 15. ágúst, frá 17:30 – 18:30



Perla nálægt borginni. Kjöreign fasteignasala, Ármúla 21, sími 533-4040 kynnr: Einbýlishús (skráð sem sumarhús) á steyptri plötu, byggt 2008, húsið stendur á 0,5 hektara eignarlandi. Húsið er skráð 103,3 fm samkv. þjóðskrá en inn í þeirri fermetratölu er ekki ca 30 fm kjallarrými. **Skipulag: Jarðhæð:** Eldhús, herbergi, baðherbergi og borðstofa/stofa með arni. **Efri hæð:** Eitt stórt alrými þar sem hægt er að útbúa 2-3 svefnherbergi. Kjallari 30 fm. Rafmagnskynding er í húsinu. Fyrirhugaðar vegambætur eru á döfinni. **Mikill gróður er á lóðinni, aðalega birki og greni, auk 10 eplatrjáa. Virkilega fallegt nýlegt einbýlishús sem fengið hefur mjög gott viðhald.**

Dan V.S. Wíium - hdl. lögg. fast. s: 896 4013

ÚTBOÐ

Viðbygging Alþingis Klæðning

ÚTBOÐ NR. 20970

Ríkiskaup fyrir hönd Alþingis, óska eftir tilboðum í vinnslu á íslensku bergi til notkun í steinklæðningu fyrir nýbyggingu Alþingis, sem fyrirhugað er að risi á horni Vonarstrætis og Tjarnargötu.

Sjá nánar í útboðsgögnum.

Númer:	20970
Útboðsaðili:	Ríkiskaup
Tegund:	Verksamningur
Útboðsgögn afhent:	08.08.2019
Fyrirspurnarfrestur:	02.09.2019
Opnun tilboða:	09.09.2019 kl. 11.00

Verkið sem hér er boðið út, felst í vinnslu á íslensku bergi í steinklæðningu nýbyggingarinnar. Stefnt er að því að jarðvinna hefjist í nóvember 2019 og að húsið verði fullfrágengið í mars 2023.

Steinklæðningin er gerð úr misháum lögum af ólíkum bergtegundum. Stærsti hluti framleiðslunnar er 30mm þykkt efni í fjórum mismunandi hæðum og hlaupandi lengdum. Nokkur stykki eru bogadregin, önnur þykkari eða sérsniðin t.d. toppstykki útveggja og lægri veggja í kringum húsið. Vinnslan nær jafnframt til 75mm þykkar klæðningar, gólfplatna inni 20mm og hellulagnar úti 40mm, auk skáskurðar á brúnum steinplatna sem mynda samsett úthorn eða kanta.

Helstu magnbólur eru:

• 20mm þykkt	167 m ²
• 30mm þykkt	2.270 m ²
• 40mm þykkt	230 m ²
• 75mm þykkt	40 m ²
• Toppstykki	133 stk.
• Millistykki (230stk. m.v. meðalengd ca.700mm hvert stk.)	161 lm.

Útboðsgögn eru aðgengileg í rafrænu útboðskerfi Ríkiskaupa, TendSign. **Útboðið hefur verið auglýst á samevrópska útboðsvefnum, Tenders Electronic Daily (Ted.europa.eu).**

Ekki verður haldinn hefðbundinn opnunarfundur. Tilboðum skal skilað rafrænt í útboðskerfinu fyrir 09.09.2019

Nánari upplýsingar er að finna í rafrænu útboðskerfi Ríkiskaupa, <https://tendsign.is/> Leiðbeiningar: <https://www.ríkiskaup.is/is/utbodsthjonusta/leidbeiningar-fyrir-tendsign>

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.ríkiskaup.is

RÍKISKAUP



TILKYNNING UM UPPGREIÐSLU SKULDABRÉFA

Kópavogsbær hefur ákveðið að nýta sér heimild til uppgreiðslu skuldabréfaflokks sem er á gjalddaga þann 28. ágúst 2019.

Er hér um að ræða skuldabréf sem auðkennd eru sem 1. Flokkur E 1995, útgefin þann 16. október 1995. Skuldabréfin verða greidd upp þann 28. ágúst 2019.

Kópavogi 13. ágúst 2019
Kópavogsbær.



Kópavogsbær

kopavogur.is

ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?



Finndu þitt starf á **Job.is**

FRÉTTABLAÐIÐ IS

Job.is

Atvinnuauglýsingar | Job.is

Hagfræðingur



BSRB óskar eftir að ráða hagfræðing til starfa. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði og úthald í áhugaverðum verkefnum.

Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/1417

Framkvæmdastjóri



Samiðn leitar að öflugum og reyndum leiðtoga til að sinna starfi framkvæmdastjóra. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf sem reynir á samskiptafærni og frumkvæði. Framkvæmdastjóri heyrir undir stjórn Samiðnar og starfar náð með formanni.

Upplýsingar og umsókn á capacent.is/s/14175

Launa- og mannauðsfulltrúi



Río Tinto á Íslandi auglýsir eftir öflugum einstaklingi til að sinna fjölbreyttum störfum á sviði launa- og mannauðsmála. Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á að öðlast viðtæka reynslu á ýmsum sviðum mannauðsstjórnunar hjá stóru alþjóðlegu fyrirtæki.

Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/14240

SIDEKICKHEALTH IS LOOKING FOR EXCEPTIONAL TALENT



- Business Development
- Marketing
- Project Management
- User Experience/User Interface (UX/UI)
- Office Management
- Artificial Intelligence
- Data Science
- Digital Therapy Content Creation
- Motion Design
- Compliance and Quality Assurance

For more information contact:
Sverrir Briem sverrir@hagvangur.is
Jóhann Pétur johann@hagvangur.is

Framkvæmdastjóri



Traust þjónustu- og framleiðslufyrirtæki leitar að öflugum og framsýnum aðila í starf framkvæmdastjóra. Fyrirtækið er staðsett á höfuðborgarsvæðinu og starfa þar u.þ.b. 40 manns. Áhugavert tækifæri í boði hjá fyrirtæki með mikla vaxtarmöguleika.

Nánari upplýsingar um starfið veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225.

Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst 2019.

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

HJÚKRUNARFORSTJÓRI



Hjúkrunar- og dvalarheimilið Höfði á Akranesi auglýsir stöðu hjúkrunarforstjóra lausa til umsóknar.

Upplýsingar veita: Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri, sími 856 4302 - kjartan@dvalarheimili.is Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi geirlaug@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á: www.hagvangur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst nk.

FÉLAGSMÁLASTJÓRI



Félagspjónusta Stranda- og Reykhóla auglýsa lausa til umsóknar stöðu félagsmálastjóra frá 1. september 2019.

Upplýsingar veitir: Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á: www.hagvangur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst nk.

Sjá nánar á **job.is**

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426